

AUGLÝSING

um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávarafurðum frá Kína.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn sjávarafurðir frá Kína sem nota á til manneldis eða sem dýrafóður.

2. gr.

Þrátt fyrir bannið í 1. gr. er heimilt að flytja inn eftirtaldar sjávarafurðir sem eru ætlaðar til manneldis eða dýrafóðurs:

1. Sjávarafurðir sem eru veiddar, frystar og pakkað í endanlegar umbúðir á vinnsluskipi og landað beint á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessi undanþága gildir þó ekki um krabbadýr, nema þau sem veidd eru í Atlantshafi og hafa ekki hlotið neina aðra meðferð en frystingu og pökkun í endanlegar umbúðir á vinnsluskipi og landað beint á Evrópska efnahagssvæðinu.
2. Heilan fisk, slægðan og hausaðan og flök af eftirtöldum tegundum sem veiddar eru í sjó: Alaskaufsa, þorski, karfa, kolmunna, grálúðu, ýsu, síld, sandkola, lindýr (*cephalopods*), skarkola og kyrrahafslax.

3. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 192, 14. mars 2002, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávarafurðum frá Kína, með síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. október 2002.

F. h. r.

Snorri Rúnar Pálmason.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.